

Miðvikudaginn 1. febrúar 1978.

Nr. 69/1977. **Einar Sverrir Einarsson**  
 gegn  
**dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra**  
**f. h. ríkissjóðs og ríkissaksóknara.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Einar Sverrir Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1978.

Nr. 99/1975. **Þorvaldur Stefánsson**  
 (Gunnar Sæmundsson hdl.)  
 gegn  
**Guðmundi Arasyni**  
 (Björgvin Sigurðsson hrl.).

Vinnusamningur. Uppsögn. Kaupgjaldskrafa. Skaðabætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 6. ágúst 1975. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 40.000 krónur með 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. október 1973 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, og áfrýjandi og vitnið Erlingur Thoroddsen, starfsmaður stefnda, hafa komið fyrir dóm til skýrslugjafar.

Fyrir Hæstarétti hefur því verið hreyft af hendi áfrýjanda, að 1. gr. laga nr. 28/1930 skjóti loku fyrir, að stefndi geti haft uppi í máli þessu sem gagnkröfu til skuldajafnaðar við launakröfu áfrýjanda kröfu sína um bætur fyrir tjón, er hlotist hafi af uppsögn áfrýjanda með of skömmum fyrirvara. Hafi því borið að vísa gagnkröfunni frá héraðsdómi.

Áfrýjandi andmælti eigi fyrir héraðsdómi, að gagnkrafa stefnda, sem er vegna slita áfrýjanda á vinnusamningi aðilja, væri höfð uppi til skuldajafnaðar. Þegar af þeirri ástæðu verður lagður efnisdómur á skuldajafnaðarkröfu stefnda í máli þessu.

Fallast ber á úrlausn héraðsdóms um upphaf starfstíma áfrýjanda hjá stefnda, um uppsögn hans og um uppsagnarfrest.

Við það þykir mega miða, að áfrýjandi hafi tekið föst mánaðarlaun hjá stefnda og hafi hann verið búinn að fá greidd laun sín til loka ágústmánaðar, áður en hann hætti störfum. Á hann því ógoldin laun vegna starfa sinna 1.—20. september. Líkur eru leiddar að því, að stefndi hafi orðið fyrir tjóni og óhagræði vegna hinnar ólögmetu uppsagnar áfrýjanda. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega ákveða stefnda bætur með hliðsjón af 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928. Stefndi hefur eigi haldið eftir meiru af launum áfrýjanda en nemur bótum, sem hann á rétt til úr hendi áfrýjanda. Verður héraðsdómur því staðfestur.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Stefánsson, greiði stefnda, Guðmundi Arasyni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. þ. m., hefur Þorvaldur Stefánsson iðnverkamaður, Gnoðarvogi 14, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. nóvember 1973, á hendur Guðmundi Arasyni f. h. Þvottahússins Fannar, Langholtsvegi 113, Reykjavík, til greiðslu ógreiddra vinnulauna fyrir tímabilið 20. ágúst til 20. september 1973, að fjárhæð kr. 40.000 með 1.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. október 1973 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en við munnlegan flutning málsins setti stefndi fram þá varakröfu, að hann yrði eigi dæmdur til að greiða stefnanda hærri fjárhæð heldur en kr. 28.377. Hvernig sem málið fer, krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Seinni part sumars 1972 hefur stefnandi störf í þvottahúsi stefnda við þvottavélar. Skriflegur ráðningarsamningur var eigi gerður milli aðiljanna. Stefnandi heldur því fram, að þetta hafi verið í september 1972. Er hann var inntur nánar eftir því, hvenær í september, svaraði hann: „Ætli það hafi ekki verið um 20., það var seinni partinn.“ Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi byrjað 1. september 1972. Styður kvittun stefnanda fyrir kaup í september það ár þá fullyrðingu, því að fyrir þann mánuð fær stefnandi kr. 23.478 í kaup, en það, sem eftir er ársins, fær stefnandi kr. 24.000 í kaup á mánuði.

Starfar nú stefnandi hjá stefnda þar til haustið 1973. Um mánadámótin ágúst/september 1973 kveðst stefnandi hafa sagt upp starfi sínu hjá stefnda og beint uppsögninni munnlega til verkstjóra stefnda, Kristbjargar Ámundadóttur. Í vottorði frá Kristbjörgu þessari kemur fram, að stefnandi hafi sagt starfi sínu lausu fyrstu dagana í september 1973. Kveðst Kristbjörg hafa sagt stefnanda, að hún hefði ekki með manna ráðningar að gera, og farið þess á leit við hann, að hann talaði um uppsögnina við stefnda, Guðmund Arason. Stefnandi hafi hins vegar sagt: „Ég er búinn að segja upp starfi mínu við þig, og það á að vera nóg.“ Kristbjörg kveðst þá hafa tekið þá ákvörðun að skýra Guðmundi

Arasyni frá samtali þeirra Þorvalds tveim til þrem dögum seinna. Hafi Guðmundur Arason þá sagt, að hann hlustaði ekki á það, að stefnandi segði upp starfi sínu við Kristbjörgu, og tekið fram, að hann mundi láta eins og hann vissi ekki um þetta. Eftir þetta samtal kveðst Kristbjörg hafa að minnsta kosti tvisvar sinnum farið til stefnanda og ítrekað við hann að gera út um mál sín við Guðmund Arason.

Guðmundur Arason hefur borið, að það hafi verið í kringum 10. september 1973, sem hann hafi heyrt það á skotspónum, að Þorvaldur hygðist hætta störfum hjá fyrirtæki stefnda. Hinn 19. september kveðst Guðmundur hafa kallað stefnanda til sín og innt hann eftir því, hvort það væri rétt, að hann hygðist hætta störfum. Hafi stefnandi kveðið það rétt. Guðmundur kvaðst þá hafa bent honum á, að honum bæri að vinna út sinn uppsagnarfrest, nema samkomulag yrði um annað. Guðmundur kvaðst þá hafa verið á förum á ráðstefnu í Stokkhólmi á vegum Rauða Kross Íslands hinn 21. september. Kveðst Guðmundur hafa tilkynnt stefnanda þetta og að ekki væri möguleiki á því að leysa hann frá störfum fyrr en annar maður hefði verið ráðinn í hans stað og það gæti ekki orðið fyrr en hann kæmi til baka frá Stokkhólmi. Enn fremur bendir Guðmundur Arason á það, að annar þvottamaður, sem hafi unnið hjá fyrirtæki stefnda, hafi einmitt tekið sumarleyfi vikuna 22.—29. september 1973. Guðmundur Arason bendir á, að sama daginn og hann fór til Stokkhólms hafi stefnandi horfið úr vinnunni, þ. e. 20. september 1973. Hafi nú verið „góð ráð dýr“. Hringt hafi verið til sín til Stokkhólms, og kveðst Guðmundur hafa reynt að fá sig lausan til heimfarar, en með því móti hefði margra mánaða vinna farið til spillis. Úr því varð þess vegna ekki. Starfsmannastjóri fyrirtækisins hafi hins vegar hlaupið undir bagga og tekið til að þvo í fyrirtækinu og enn frémur hafi annar fyrrverandi starfsmaður fyrirtækisins tekið að sér að þvo á nóttunni, meðan þetta ófremdarástand varaði. Á þessu tímabili segir Guðmundur Arason, að afkastageta fyrirtækisins hafi mjög fallið niður og allt farið úr skorðum. Hann segir, að tekið hafi um það bil 10 daga að fá nýjan mann í stað stefnanda, en sá maður hafi verið reynslulaus við þessi störf og jafnan taki það nokkurn tíma að þjálfa nýtt fólk upp í störf.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að hann hafi átt inni mánaðarkaup hjá stefnda, þegar hann hætti hinn 20. september 1973. Mánaðarkaup hans hafi á þessum tíma numið kr. 40.000. Þessu kaupri hafi stefndi haldið eftir án heimildar,

enda mótmælir stefnandi þeirri fullyrðingu stefnda, að hann hafi sagt upp starfi með ónógum fyrirvara, og bendir á, að þegar hann beindi uppsögn sinni til verkstjóra stefnda, hafi hann ekki verið búinn að starfa eitt ár í hans þjónustu.

Að endingu heldur stefnandi því fram, að stefndi hafi ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir tjóni, vegna þess að stefnandi hætti störfum hjá stefnda með framangreindum hætti.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi verið búinn að vinna í eitt ár hjá stefnda og þá verið kominn á tveggja mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest, þegar hann án uppsagnar hafi farið úr starfi hjá stefnda. Með þessu ólöglega athæfi sínu hafi stefnandi valdið stefnda verulegu tjóni, sem þó sé erfitt að sanna, hve sé mikið, en með vísan til 25. gr. hjúalaga nr. 22 frá 1928 og með lögjöfnun þar frá telur stefndi sig hafa heimild til að halda eftir kaupum fyrir helming uppsagnartímans án þess að sanna tjón.

Þar sem miða eigi uppsagnarfrest við mánaðamót, hafi lögleg uppsögn ekki komið til framkvæmda fyrr en um mánaðamótin nóvember/desember 1973, enda hafi verið ófullnægjandi af stefnanda að beina uppsögn sinni til verkstjóra stefnda í stað þess að koma henni á framfæri við stefnda sjálfan. Það hafi stefnandi eigi gert fyrr en í september 1973.

Að endingu mótmælir stefndi því, að mánaðarkaup stefnanda hafi verið kr. 40.000 á þessum tíma. Hið rétta sé, að það hafi numið kr. 28.377, svo sem launakvittanir stefnanda á þessum tíma beri með sér.

Niðurstaða dómsins.

Eins og fyrr er að vikið í dóminum, fær stefnandi greiddar kr. 23.478 í kaup fyrir septembermánuð 1972 hjá stefnda. Þess vegna fær sú fullyrðing stefnanda, að hann hafi byrjað störf hjá stefnda hinn 20. september 1972, ekki staðist, enda fær hann það, sem eftir er ársins, greiddar kr. 24.000 í kaup á mánuði. Þegar þetta er haft í huga, þykir verða að leggja þá fullyrðingu stefnda til grundvallar dómi í máli þessu, að stefnandi hafi byrjað starf sitt hjá stefnda 1. september 1972.

Stefnandi kveðst hafa sagt upp starfi sínu hjá stefnda um mánaðamótin ágúst/september 1973 og beint þeirri uppsögn munnlega til verkstjóra stefnda, sem var þá Kristbjörg Ámunda-dóttir. Kristbjörg hefur hins vegar haldið því fram í vottorði sínu, sem er ómótmælt, að þetta hafi verið fyrstu dagana í september 1973. Þessi uppsagnarmáti stefnanda er að áliti dómsins ófull-

nægjandi gagnvart stefnda. Stefndi kveðst hafa frétt það á skotspónum í kringum 10. september 1973, að stefnandi hygðist hætta störfum hjá fyrirtækinu, en rétturinn getur heldur ekki fallist á, að það sé fullnægjandi uppsögn. Samkvæmt framburði stefnda er það ekki fyrir en 19. september 1973 sem stefnandi segir við stefnda, að hann ætli að hætta störfum. Telur dómurinn ósannað, að stefnandi hafi á lögmætan hátt beint uppsögn sinni til stefnda fyrir þann tíma. Ber því að miða við þennan dag, þegar metinn er uppsagnarfrestur stefnanda í málinu, og telur rétturinn nægilega sannað, að þá hafi stefnandi verið búinn að vinna í rúmt ár hjá stefnda. Samkvæmt 13. gr. í kjarasamningi milli Félags íslenskra iðnrekenda, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri, sem gildir frá 1. desember 1971 og ágreiningslaust er, að gildi um skipti málsaðilja, skal uppsagnarfrestur starfsfólks, sem unnið hefur samfellt í eitt ár eða lengur hjá sama iðnfyrirtæki, vera tveir mánuðir. Enn fremur segir, að uppsögn skuli vera skrifleg og miðast við mánaðamót. Samkvæmt þessu gat lögleg uppsögn stefnanda ekki komið til framkvæmda fyrir en um mánaðamótin nóvember/desember 1973, svo sem stefndi heldur fram. Stefnandi fór hins vegar úr starfi sínu hinn 20. september 1973, svo sem áður er rakið. Af þessum sökum og með lögjöfnun frá 25. gr. hjúalaga nr. 22 frá 1928, sem rétturinn telur enn í fullu gildi þrátt fyrir vefengingu stefnanda þar um, sbr. og hæstaréttardóm í 29. bindi, bls. 625, þá skal stefnandi greiða stefnda bætur vegna hins ólöglega brotthlaups úr vinnu hjá stefnda, enda þótt stefndi hafi eigi sannað tjón sitt. Samkvæmt tilvitnaðri lagagrein, per analogiam, skal stefnandi greiða stefnda bætur, sem svara til helmings þess kaups, sem eftir var, miðað við uppsagnarfrestinn. Rúmir tveir mánuðir voru eftir af uppsagnarfresti stefnanda í máli þessu, og þar sem stefndi hefur aðeins haldið eftir kaupi stefnanda fyrir einn mánuð, ber að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum málalokum ber skv. 177. gr., 1. mgr., laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði að dæma stefnanda til þess að gjalda stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 24.000.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Arason f. h. Þvottahússins Fannar, á

að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Þorvalds Stefánssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 24.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 2. febrúar 1978.

Nr. 26/1977. **Bjarni Helgason**  
**Björn Stefánsson**  
**Hreggviður Jónsson**  
**Jónatan Þórmundsson**  
**Ólafur Ingólfsson**  
**Stefán Skarphéðinsson**  
**Unnar Stefánsson**  
**Þorsteinn Sæmundsson**  
**Þorvaldur Búason**  
**Þór Vilhjálmsson**  
**Ragnar Ingimarsson og**  
**Valdimar J. Magnússon**  
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)  
 gegn  
**Svavari Gestssyni**  
**og gagnsök**  
 (Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sektarrefsing. Sýknað af kröfu um miskabætur. Sératkvæði.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.